

Barnasáttmálinn

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eru réttindi sem öll börn í heiminum eiga að njóta

Réttindi allra barna

Allir sem eru yngri en 18 ára eru börn.

Öll börn hafa sömu réttindi. Ekki skiptir máli hvar þau búa, útlit þeirra, kyn, trú, siðir og venjur þeirra eða foreldra þeirra.

Allir sem taka ákvarðanir fyrir börn eiga alltaf að taka mið af því sem börnum er fyrir bestu.

Þeir sem stjórna landinu eiga að gera allt sem þeir geta til að réttindi barna, sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum, séu virt.

Fjölskyldan

Barn á rétt á nafni og ríkisfangi.

Barn á rétt á að þekkja foreldra sína og umgangast þá báða. Foreldrar bera saman ábyrgð á börnum sínum, eiga að sjá fyrir þeim, hugsa vel um þau og leiðbeina þeim. Foreldrar eiga alltaf að hugsa um það sem barninu er fyrir bestu.

Barn sem getur ekki búið hjá foreldrum sínum á rétt á öðru heimili.

Ekki má taka barn frá foreldrum sínum, t.d. í fóstur eða til ættleiðingar, nema það sé barninu fyrir bestu.

Enginn má skipta sér af einkalífi barns og fjölskyldu þess nema til að vernda barnið.



Heilsa, menntun og þroski

Börn eiga rétt á að lifa og þroskast og ganga í grunnskóla endurgjaldslaust. Þau skulu eiga kost á framhaldsmenntun.

Börn eiga rétt á að rækta hæfileika sína og læra að bera virðingu fyrir öllu fólki og umhverfinu.

Börn eiga rétt á lækniástoð og heilsugæslu.

Fötlud börn eiga rétt á sérstökum stuðningi.

Öryggi og vernd

Börn eiga rétt á vernd. Þau eiga rétt á vernd gegn öllu ofbeldi, líkamlegu, andlegu og kynferðislegu, og þau eiga rétt á hjálp ef þau hafa orðið fyrir slíku.

Börn eiga rétt á vernd gegn vinnu sem skaðar þau.

Börn skal vernda gegn fíkniefnum.

Börn má ekki nema á brott úr landi sínu en ef þau flygja til annarra landa eiga þau að fá hjálp.

Frelsi og þátttaka

Öll börn eiga rétt á að hafa eigin trú og skoðanir og mega tjá þær ef það skaðar ekki aðra.

Það á að taka réttmætt tillit til skoðana barna.

Börn eiga rétt á aðgangi að upplýsingum og fjölmiðlaefni sem hæfir aldri þeirra og þroska.

Börn eiga rétt á hvíld og tómstundum og mega stofna félög.

Að virða réttindi barnsins er skylda hinna fullorðnu

Börn eiga rétt á að þekkja réttindi sín. Fullorðnir eiga líka að þekkja réttindi barna.

Það er hlutverk foreldra, annarra fullorðinna, íslenska ríkisins og sveitarfélaga að sjá til þess að réttindi barna séu virt þegar ákvarðanir eru teknar sem skipta máli fyrir börn.

Ef réttindi Barnasáttmálans eru ekki virt er mikilvægt að börn láti einhvern fullorðinn sem þau treysta vita.



www.barnasattmali.is

UMBOÐSMAÐUR BARNA

unicef

Barnaheill
Save the Children Iceland

NÁMSGAGNASTOFNUN